

## Að stúlka unni manni

Skrifað af Strandagaldur  
Mánudagur, 07. Nóvember 2005 11:49

---

Skrifa í lófa þinn hægri með blóði þínu og tak það ofan af þumalfingri á vinstri hendi og mæl þessi orð yfir og hald í hönd henni:



Legg ég lófa minn í þinn lófa, minn vilja í þinn vilja. Verði þér í beinum sem þú brennir öll nema þú unnir mér sem sjálfri þér. Svo heit verði þér orð þessi, svo megn og sterk, sem eilífðin er. Allir töfrar og fjölkynngi fjandans villi vit þitt til ástar og elsku við mig og allar þær vættir sem í jörðu búa séu mér liðsinnandi á þessa leið.